

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna frístundabyggðar við Mið- og Árhraunsveg í Áshildarmýri.

Skipulagsstofnun staðfesti 6. júní 2023 óverulega breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 sem samþykkt var í sveitarstjórn 16. nóvember 2022.

Í breytingunni felst að frístundabyggð F4 í Áshildarmýri minnkar úr 78 ha í 59 ha og landbún- aðarsvæði stækkar sem því nemur, en um er að ræða þekkt flóðasvæði.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 6. júní 2023.*

**Ólafur Árnason.**

---

B-deild – Útgáfudagur: 20. júní 2023